

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 16/2018****2019/EES/98/16****frá 9. febrúar 2018****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1491 frá 21. ágúst 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu 2,4-DB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1506 frá 28. ágúst 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu malínhýdrasíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):  
  
„– **32017 R 1491:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1491 frá 21. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 216, 22.8.2017, bls. 15),  
  
– **32017 R 1506:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1506 frá 28. ágúst 2017 (Stjttíð. ESB L 222, 29.8.2017, bls. 21).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzw (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1186):  
  
„13zzzzzzzx. **32017 R 1491:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1491 frá 21. ágúst 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu 2,4-DB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ( (Stjttíð. ESB L 216, 22.8.2017, bls. 15).  
  
13zzzzzzzy. **32017 R 1506:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1506 frá 28. ágúst 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu malínhýdrasíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 222, 29.8.2017, bls. 21).“

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 216, 22.8.2017, bls. 15.<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 222, 29.8.2017, bls. 21.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1491 og (ESB) 2017/1506, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.